

Pingeyjarsveit
Kjarna
650 Laugar

7. janúar 2025
UOS2501544/H.M.V.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 10. september 2025 – Pingeyjarsveit, urðunarstaður við Kollóttuöldu á Hólasandi, ID 482

Þann 10. september 2025 fór fram reglubundið eftirlit með urðunarstað Pingeyjarsveitar við Kollóttaröldu á Hólasandi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Staða útistandandi frávika:

Rekstraraðili vann eftir samþykkt úrbótaáætlun vegna frávíks frá gr. 1.6 í starfsleyfi sem varðaði frágang á urðunarstað, eftirlit og mælingar eftir að starfsemi með urðunarstaðnum lyki. Þann 15. desember 2023 lagði rekstraraðili fram lokunaráætlun vegna urðunarstaðar og út fra fyrirliggjandi gögnum verða unnin drög að lokunarfyrirmælum. Engin starfsemi hefur farið fram síðan starfsleyfi var gefið út þar sem rekstraraðili féll frá áformum um að nýta urðunarstaðinn. Þann 6. mars 2023 sótti rekstraraðili um niðurfellingu starfsleyfis.

Óverulegu magni úrgangs hafði verið komið fyrir á urðunarstað og á úrgangi sem ekki samræmdist móttökuskilyrðum starfsleyfis. Í samþykkt úrbótaáætlun frá sveitarfélaginu kom fram að allur úrgangur yrði fjarlægður af staðnum og hann settur í viðeigandi förgun. Ekki hefur verið hægt að loka frávíkinu fyrr en nú þar sem fyrri áætlanir stóðust ekki. Í eftirliti nú var staðfest að búið er að fjarlægja allan úrgang af staðnum, einungis voru eftir minniháttar jarðefnishaugar, **fráviki er því lokið.**

Engin ný frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram í eftirliti og engar ábendingar voru settar fram.

Virðingarfyllt,

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur í teymi eftirlits

Sigríður Kristinsdóttir
teymisstjóri í teymi eftirlits